# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Patterson flugvöll í Reykjanesbæ



Bjarni F. Einarsson
2024

Forsíðumyndin sýnir hlaðinn grjótgarð á rannsóknarsvæðinu nr. 258 (Horft mót V. Ljósm. BFE 2024).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson

Unnið fyrir Reykjanesbæ/VSÓ ráðgjöf

September 2024




Mynd 1. Rannsóknarsvæðið/deiliskipulagsreiturinn (rauð og svört brotin og óbrotin lína).

## *Inngangur*

Að beiðni VSÓ ráðgjafar fyrir hönd Reykjanesbæjar kannaði Fornleifafræðistofan hugsanlegar fornleifar og herminjar á deiliskipulagsreit við Patterson flugvöllinn í Reykjanesbæ. Deiliskipulagsreiturinn er sýndur á mynd 1.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur og örnefnaskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 12. september síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Engar fornleifar fundust, en herminjar sem fundust á reitnum voru annarsvegar mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki (nr. 258) og hinsvegar með hnitsettri loftmynd frá 1957 í tölvu (nr. 259). Byrjað var á næsta lausa númeri Fornleifafræðistofunnar í sveitarfélaginu.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar með staðsetningu fornleifa (mynd 2 og 3).

Þegar fornleifaskráning vegna aðalskipulags Reykjanesbæjar fór fram um 2007, fundust engar fornleifar á svæðinu (Sandra Sif Einarsdóttir o.fl. 2008).

Áður hefur farið fram skráning á herminjum á Miðnesheiði norðan og vestan við Patterson flugvöll (Eiríkur Hermannsson o.fl. 2019) og húsakönnun á og við Patterson flugvöll (Helgi Biering 2019).

Fulltrúi verkkaupa var Halldóra Björk Bergþórsdóttir hjá VSÓ ráðgjöf.




Mynd 2. Minjar og Patterson flugvöllur (bláar línur) teiknaður ofan á loftmynd frá 1957.




Mynd 3. Minjar og Patterson flugvöllur ofan á nýlegri mynd. Camp Corbin var utan við bláu línuna.

## *Skráningin*

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvædaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar fornleifar eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins.

Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar fornleifar fundust á vettvangi, en þær sem eru næstar er Skipsstígur (nr. 143 í Reykjanesbær og 22 í Grindavík) sem liggur að rannsóknarsvæðinu að norðaustanverðu (þar sem hitaveiturör liggja frá Svartsengi). Leiðin og vörðurnar sem henni fylgdu eru horfin á þessum kafla.

Samtals voru tvær minjar undir tveimur númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Hvorug þeirra hefur áður verið skráð og hvorug minjanna uppfyllir skilyrði laganna um sjálfkrafa friðun. Þó minjarnar falli ekki undir lög um menningarminjar þá er Patterson flugvöllur mjög merkilegur hluti af sögu seinni heimstyrjaldarinnar og umfangið vitnisburður um þýðingu hans fyrir bandamenn.

Báðar minjarnar eru taldar í hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda og þá er ekki tekið tillit til þess að skipulagið sé aðlagað að minjunum.

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugildi | Friðlýst? | Mótv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **258** | Garður | 1 | Framkvæmdir | Mikil | Ágætt | 1942-1943 | 2 | 2 | Nei | Engar |
| **259** | Flugvöllur | 1 | Framkvæmdir | Mikil | Sæmilegt | 1942-1943 | 7 | 7 | Nei | Engar |
| | Samtals: | 2 | | | | Meðaltal: | 4,5 | 4,5 | | |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minjar á deiliskipulagsreitnum við Patterson flugvöll. Hér er lagt mat á hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á deiliskipulaginu. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdium sjá fornleifaskrá.

## *Niðurstaða*

Tvær minjar fundust á deiliskipulagsreitnum, hvorugar friðaðar samkvæmd lögum um menningarminjar. Önnur telst hafa lágt minja- og varðveislugildi en hin há gildi. Hin háu gildi flugvallarins markast af mikilvægi hans í seinni heimstyrjöld og að við A-V brautina eru enn heilleg sprengjuskýli sem ýta undir hátt mat. Til að tryggja öryggi flugvallarins (og sprengiskýlanna) þyrfti að friðlýsa minjarnar, en friðlýsing er óháð aldri.

## *Heimildir*

Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Trausadóttir. *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*. Antikva ehf. 2019.

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Helgi Biering. *Húsakönnun Patterson*. Reykjavík 2019.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

minjastofnun.is *Minjavefsjá*.

Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2008.

## *Fylgirit:*

*Fornleifaskrá:* Reykjanesbær Nr. 258:1–259:1. Bls. 7

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Minjaheild | Auðkenni |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Reykjanesbær | | Patterson flugv. | **258** |

| Jörð, núverandi | Jörð 1847 | verkefnanumer | minj_id | Sérheiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|---|---|
| - | | | | | **1** |

| Skrásetjari | Heimsótt. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12.9.2024 | E 326355,6. N 389286,6 | Isn 93 | | |

| Tegund | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Garður | Herminjar | Patterson 24 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1942 | 2006 | Framkvæmdir | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Garður**
Úr grjóti og steypu, 1 x 6,5 m stór og 0,3 - 1 m hár.
Garðurinn er bogadreginn.
Um 20 m suður af garðinum eru steypuleifar í hrúgu (rifið mannvirki af öðrum stað?).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Bjarni F. Einarsson |
| *Filma nr./teg. myndar* | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Garðurinn er líklega ungur og nýtur ekki verndunar laganna og því engra mótvægisaðgerða þörf sé ekki hægt að tryggja öryggi hans.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Minjaheild | Auðkenni |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Reykjanesbær | | Patterson flugv. | 259 |

| Jörð, núverandi | Jörð 1847 | verkefnanumer | minj_id | Sérheiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|---|---|
| - | | | | Patterson | 1 |

| Skrásetjari | Heimsótt. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12.9.2024 | | Isn 93 | | |

| Tegund | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Flugvöllur | | Patterson 24 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Talsverð | Sæmilegt | 1900- | | Framkvæmdir | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | Nei | Nei | |

## Lega og staðhættir

Á norðanverðri heiði (Njarvíkurheiði). Á holtum og móum.

## Heimildir og munnmæli

Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Trausadóttir. *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*. Antikva ehf. 2019.

Helgi Biering. *Húsakönnun Patterson*. 2019.

## Lýsing

**Flugvöllur.**
Flugvöllurinn var byggður á árunum 1942-1943. Hann var einungis notaður af orustuflugvélum og ekkert eftir stríðið. Eftir það var flugvöllurinn notaður sem geymsla fyrir hergögn ýmiskonar. Völlurinn var lagður bæði streypu og malbiki.

Efri myndin er teikning gerð eftir loftmynd frá árinu 1956.

Neðri myndin sýnir flugvöllinn eins og hann er í dag.
R merkið til vinstri sýnir Camp Corbin sem var rétt fyrir utan myndina og efra R vísar í Camp Turner sem var vel fyrir ofan myndina.

Teikning/ljósmynd




Ljósmynd



| Ljósmyndari | - |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | - |

## Athugasemdir

Flugvöllurinn er of ungur til að njóta verndunar laganna og því engra mótvægisaðgerða þörf sé ekki hægt að tryggja öryggi hans.